

252. fundur, haldinn 31. janúar 2017, á skrifstofu LSS.

Mættir: SP, LSB, AÞ, MSS, NP, JP, VLF.

1. Fundargerð síðasta fundar

sp

2. Inntaka nýrra félaga

Baldur Svafar Guðlaungsson Sp

3. Starfið milli funda

- fundað með forstjóra innanlandsflugs hjá Isavia
- fundað í Eldvarnabandalaginu
- samstafsnefnd LSS og SNS 16. des v. símamála
- fundað með Stígamótum
- undirbúningur fyrir 112 daginn og afhendingu verðlauna fyrir eldvarnagetraun
- fyrsti fundur í Samstarfsnefnd LSS og Isavia ohf
- undirbúningur fyrir kjarasamningaviðræður við Isavia ohf
- fyrsti samningafundur við Isavia ohf verður 19. janúar
- félagatalið yfirfarið v Tryggingasjóðs
- undirbúningur fyrir gerð ársreiknings 2016
- lagfæringar v rangra greiðslna í sjóði LSS frá sveitarfélögum
- ýmis kjaramál
- kaup á orlofsíbúð í Rvík

4. Eldvarnaátakið verðlaunaafhending 11. febrúar,

Verðlaun og viðurkenningar til (32 stk) verða afhent á 112 degi Neyðarlínunnar V-formaður LSS tekur þátt í að velja skyndihjálparamann ársins. Umræður um AET tæki.

5. Ritnefnd;

Undirbúningur hafinn fyrir útgáfu blaðs í vor. Mikið af hungmyndum komnar fram. Nýja ritnefnd skipa Bjarni Ingimarsson SHS, Gústav Alex Gústavsson SHS fyrir hönd stjórnar Fagdeildar Sjúkraflutningamanna og Ingvar Sigurðarson B.A, fyrir hönd stjórnar Fagdeildar Slökkviliðsmanna.

6. Styrktarsjóður Greidd voru rúmar 10 milljónir út úr sjóðnum.

7. Lífeyrismálið. Heimsókn frá BSRB

Formaður BSRB Elín Björg Jónsdóttir hafði óskað eftir að sitja sjórnarfund LSS til að ræða lífeyrismálin og þær breytingar sem gerðar verða með lögum sem taka gildi í sumar. Fer yfir málið frá 2009, þar sem ákveðið var að: „skoða samræmingu á lífeyriskerfunum“. Stefnt var að því að samræma þannig að almenni vinnumarkaðurinn myndi færast upp að lífeyriskjörum opinberra starfsmanna. Síðan farið í þá vinnu að samræma kerfin. Rætt um að hækka aldurinn upp í 67 ár. Afnema bakábyrgð. Í janúar 2016 var búið að reikna út að ríki og sveitarfélög skulduðu LSR og Brú sjóðnum, 120 milljarða. Samkomulag heildarsamtakanna leiðir af sér breytingar hjá nýjum félagsmönnum varðandi lífeyristökualdur. Samkomulagið skýrt varðandi það að félagsmenn BSRB yrðu „jafn sett fyrir og eftir“ varðandi

lífeyristökualdurinn. Stofnaðir varasjóðir ef opinberusjóðirnir yrðu fyrir áföllum. Bráðabirgðaákvæði er í lögnum um stofnun nefndar sem skoðar mál þeirra stétta sem hafa viljað lækkun lífeyristökualdurs í stað hækkunar. BSRB setur á starfshópi sem vinnur undirbúningsvinnu fyrir nefndina. Formaður LSS á sæti í starfshópnum.

MSM. LSS hefur stefnt á að fá minnkaða vinnuskyldu í kjarasamningum LSS, og samræma lífeyristökualdurinn við annarsstaðar í Evrópu. Félagsmenn missa líkamlegt atgervi með aldrinum. Félagsmenn hafa áhyggjur af að samkomulagið og lagafrumvarpið gangi gegn stefnu LSS um lækkun á lífeyristökualdri.

LSB. Geta félagsmenn ráðið hvort þeir hætti 65 eða 67 ára. Svar: núverandi félagsmenn ráða hvort þeir hætti 65 ára eða 67 ára. Þeim eru tryggðar sömu lífeyrisgreiðslur fyrir og eftir lagasetningu, ef þeir hætta 65 ára.

Umræður um gagnaöflun fyrir samstarfshópinn. Ákveðið að ráða verkefnastjóra.

8. Starfsmenntunarsjóður -næstu árin

Umræður um styrkveitingar og menntunarmál og hvernig eigi að bregðast við auknum útlátum sjóðsins. Á að ákveð hámarksupphæð per félagsmann á ári/árum?

Stjórnin fer fram á að Úthlutunarnefnd Starfsmenntunarsjóðs geri fjárhagsáætlun til nokkurra ára til að hægt sé að gera sér grein fyrir hvert stefni og bregðast við ef þarf.

9. Tryggingasjóður

Unnið er í að bera saman félagatal LSS og greiðslur frá sveitarfélögunum í sjóði LSS. Komið hefur í ljós að sum sveitarfélög eru ekkert að greiða í Tr.sjóð. Unnið að að leiðréttingum.

Trsjóður er í samvinnu við Fulltingi að ræða við Sjóvá og Vís og Lloyds um auknar tryggingar. Líklegast verður stofnaður A og B sjóður, fyrir þá sem eru í fullu starfi þá sem eru í hlutastarfi.

Rætt um að réttasti listinn yfir félagatal slökkviliðanna komi frá Slökkviliðsstjórunum. En bera þarf þá saman við skilagreinar og leitast við að sveitarfélögin greiði af þeim öllum. Vinna á að gerð Gæðahandbókar varðandi skráningu slysa.

Í næsta kjarasamningi þarf að ákveða greiðslu lágmarksgjald per persónu í hlutastarfi ef hann á að geta farið undir þessar auka tryggingar.

Rætt um að reyna að fá tryggingasjóð inn hjá ríkinu og Isavia ohf.

10. Tryggingar hjá hlutastarfandi slökkviliðsmönnum

Almenn slysatrygging. Tryggingar samkvæmt kjarasamningi eru lélegar. Nauðsynlegt er að gera úttekt á slysatryggingum hlutastarfandi slökkviliðsmanna.

11. Meiraprófið

Fá uppl frá Samgöngustofu.

12. Kjaramál.

- a. **Samningaviðræður við Isavia ohf.** Hófust formlega 19. janúar.

b. Bókun 2 í kjarasamningi f. Hlst. sjúkraflutningamenn hjá ríkinu.

Stjórn LSS skorar á samninganefnd Fjármálaráðuneytisins að halda áfram með vinnu við bókun tvö og ljúka henni sem fyrst. Samkvæmt bókuninni átti verkinu að vera lokið fyrir 1. janúar s.l.

13. Fagdeildirnar

Sjúkraflutningamanna; Umræður um rafræna sjúkraskrá, bráðtækninám, gildi náms frá ýmsum löndum. Vinna er í gangi í vinnuferlum. Nauðsynlegt að ljúka því sem fyrst og vinna að samræmingu á vinnubrögðum, t.d. með bakbretti.

NP er fulltrúi Íslands í alþjóðlegri nefnd. Hann mun flytja erindi í lok febrúar, á vegum LSS og Sjúkraflutningaskólans, á EMS -today. Áhugi á að endurvekja „Mini-medic“. Kennslubifreið -forstjóri Öskju tók jákvætt í að klára málið með LSS. Möguleiki á að Demler og Eimskip verði með.

Facebook síður. Á Fagdeild sjúkraflutningamanna, hefur komið gagnrýni á að inni á síðunni eru aðilar sem ekki eru félagsmenn.

Slökkviliðsmenn: Fundur með MVS og fulltrúa í fagraði Brunamálaskólans.

Umræður um að Fagdeild gefi út tilmæli varðandi hvernig slökkvistöðvar eigi að vera útbúnar. Stefnt er á ráðstefnu í október í haust um málefni slökkviliða t.d. eldur í jarðgöngum.

14. ÍslandsKORTIÐ

Samþykkt að fara í málið.

15. Orlofsmál

- a. **Ný íbúð í Reykjavík.** Búið að greiða 14.000.000kr frá Orlofssjóði auk 40.000.000kr lán frá LSR, sem greiðist upp á 7 árum. Lyklarnir hafa verið afhentir og stefnt á að mubla íbúðina og setja í útleigu 17. febrúar.
- b. **Málun á íbúðunum á Akureyri.** Búið er að mála báðar íbúðirnar að innan. Síðasta vor var allt húsið málað að utan. 10 ára reykskynjara þar.

16. Önnur mál

- **Námskeið í Revinge.** Fundur um mögulega fjármögnun.
- **Stjórnarfundir** 6. mars, kl. 10:00, 11. apríl kl. 10:00. 16. maí kl. 10:00.
- **Banner** leitað tilboða í banner með merki félagsins.
- **Samkeyrsla á kjarasamningi** margítrekað við SNS.
- **Aðstoðarvarðstjórar** vinna í að aðstoðarvarðstjórar hjá BS fá sömu kjör og hjá öðrum slökkviliðum frá 1. maí 2014.

Fundi slitið 15:25